

Björg Ágústsdóttir

From: Björg Ágústsdóttir
Sent: miðvikudagur, 25. mars 2026 15:54
To: Ólafur Adolfsson; María Rut Kristinsdóttir; Arna Lára Jónsdóttir; Eyjólfur Ármannsson; Ingibjörg Davíðsdóttir; Stefán Vagn Stefánsson; Lilja Rafney Magnúsdóttir
Cc: Haraldur Benediktsson ; Kristinn Jónasson; Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson; Sveitarstjóri Dalabyggð; Stefán Broddi Guðjónsson; Linda Björk Pálsdóttir; Sigurbjörg Ottesen; Jón Eiríkur Einarsson; Páll Snævar Brynjarsson; Þorsteinn Narfason
Subject: Vonbrigði og áhyggjur - frumvarp um niðurlagningu heilbrigðiseftirlita og miðlæga stjórnsýslu ríkis á því sviði
Attachments: Grundarfjarðarbær umsögn um heilbrigðiseftirlit 17.02.2026 S_3_2026.pdf
Categories: Vistað í OneCRM; 2602018
One: -1

Komiði sæl ágætu þingmenn NV-kjördæmis

Í dag sitjum við sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi fundardag í Borgarnesi, á aðalfundum SSV, Símenntunar, Sorpurðunar Vesturlands hf. og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Á aðalfundi heilbrigðiseftirlitsins okkar kom óhjákvæmilega upp umræða um það málefni sem nú liggur á ykkar borði – þ.e. breyting á ýmsum lögum vegna „einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum“ (sameining MAST, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs).

[Samráðsgátt | Mál: S-3/2026](#)

Frumvarp um málið felur í sér að reglubundið eftirlit sem heyrir undir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga færir undir tvær ríkisstofnanir, en óvissa ríkir þó um þó nokkur málefni sem yrðu „munaðarlaus“ við þessa breytingu. Áherslur ríkisvaldsins í þessu frumvarpi virðast helst vera á að bregðast við kröfum ESA, vinna að samræmingu og koma á miðlægri stjórnsýslu þessara mála.

Um þetta málefni hafa **sveitarfélögin tjáð sig skýrt.**

Einstök sveitarfélög og samtök þeirra, heilbrigðiseftirlitssvæði og fleiri hafa ítrekað lýst **andstöðu** við þau áform að leggja niður heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og færa verkefni til tveggja ríkisstofnana, sem er meginefni frumvarpsins. Þetta kemur fram bæði í greinargerðum og umsögnum sveitarfélaga og opinberri umfjöllun, t.d. hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Áhyggjur okkar eru sérstaklega þær að:

- **staðbundin þekking glatist,**
- **nærþjónusta veikist,**
- **verkaskipting verði óskýr**
- **kostnaður atvinnulífs/notenda aukist**

Hér er umsögn sem sveitarfélögin á Vesturlandi sameinuðust um, varðandi málið, undir formerkjum SSV – þegar málið lá til umsagnar í samráðsgátt í febrúar sl.:

[70e19d3d-470e-f111-9bd5-005056bcce7e](#)

Og í viðhengi er umsögn sem Grundarfjarðarbær sendi um sama mál.

Í gær varð síðan sá áfangi í málinu, að frumvarp ráðherra um málið var lagt fram á Alþingi (útbýtingardagur í gær) – sjá hér:

[Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum | Ferill þingmáls | Alþingi – þingskjal 984.](#)

Við fljótlega skoðun á þingskjalinu virðast engin skýr merki um að tekið hafi verið tillit til umsagna sveitarfélaga í samráðsgáttinni eða að áhyggjum þeirra hafi verið mætt.

Frumvarpið sem lagt var fram í gær virðist í meginráttum á sömu lund og þau drög sem gagnrýnd voru á fyrra (samráðs)stigi, þrátt fyrir sterk mótmæli sveitarfélaga við áformunum.

Allt bendir því til þess að umsagnir sveitarfélaga og tengdra aðila hafi ekki haft áhrif á hið framlagða frumvarp.

Þetta eru mikil vonbrigði og veldur sveitarstjórnun og heilbrigðisnefnd áhyggjum.

Það er mikil óvissa um okkar hlutverk, í kjölfar lagabreytingar, ef af verður, um stöðu þeirra verkefna sem frumvarpið tekur EKKI á og um afdrif heilbrigðiseftirlits okkar.

Annað og sérstakt umfjöllunarefni er svo það, að löggin eiga að öðlast gildi 1. janúar 2027, eða eftir 9 mánuði. Það eru kosningar til sveitarstjórna eftir örfáar vikur, og ég veit að ég þarf ekki að segja ykkur góðu þingmönnum okkar, hvernig kosningaár gengur fyrir sig, með nýju fólki, nýjum verkefnum og öllu sem þarf að trekkja í gang að loknum kosningum. Þetta er því út af fyrir sig, afar óheppilegur tími og fyrirvari.

Ég vildi bara senda ykkur þetta „vink“ héðan af okkar sameiginlega vettvangi í dag – en ég efast ekki um að stjórn SSV og heilbrigðisnefndin okkar muni láta málið til sín taka, á næstunni.

Með kveðju úr Borgarnesi!

Með kveðju,

Björg Ágústsdóttir

bæjarstjóri

bjorg@grundarfjordur.is

Grundarfjarðarbær

Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður

Sími 430 8500

www.grundarfjordur.is

[Grundarfjarðarbær á Facebook](#)

